

# **Reglur um Námsleyfasjóð**

## **1. gr.**

### **Grundvöllur sjóðsins**

Námsleyfasjóður starfar á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II við lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Framlög launagreiðenda í sjóðinn eru 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjórnenda sem eru félagsmenn í Félagi grunnskólakennara (FG) og Skólastjórafélagi Íslands (SÍ) og starfa í grunnskóla og skal þeim varið óskertum til námsleyfa. Það sama gildir um starfsmenn skólaskrifstofa sem eru félagsmenn í FG eða SÍ.

Jafnan skal miða úthlutun námsleyfa við framlög til sjóðsins í hverjum mánuði, þannig að inngreidd framlög og útborguð námsleyfi séu sem jöfnust.

Eigi er heimilt að veita námsleyfi fyrir hærri fjárhæð en sem nemur tekjum sjóðsins ár hvert.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Þeir skulu áritaðir af stjórn sjóðsins og liggja frammi hjá tilnefningaraðilum stjórnar.

## **2. gr.**

### **Stjórn sjóðsins og rekstur**

Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum. Kennarasamband Íslands tilnefnir two stjórnarmenn vegna grunnskólans (FG og SÍ) og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefnir þrjá.

Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Kjörtímabil stjórnarmanna skal ákvarða af tilnefningaraðilum.

Stjórn Námsleyfasjóðs fer með stjórn sjóðsins en Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur hans og varðveitir. Gerður er þjónustusamningur á milli stjórnar Námsleyfasjóðs og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

### **3. gr.**

#### **Umsókn um námsleyfi**

Umsókn um námsleyfi skal vera á eyðublaði sem stjórn Námsleyfasjóðs lætur gera. Í umsókn skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

- a) Menntastofnun sem nám er fyrirhugað hjá og námsgreinar.
- b) Greinargerð um það með hvaða hætti námið muni nýtast viðkomandi í starfi.
- c) Hvort sótt er um 1/1, ½ eða ¼ hluta af fullu námsleyfi. Sé sótt um minna en 1/1 hluta af fullu námsleyfi skal tilgreina sérstaklega í hvaða mánuðum námsleyfið óskast.
- d) Hvort umsækjandi hefur sótt um eða fengið styrk til námsins frá öðrum en Námsleyfasjóði.
- e) Hvort umsækjandi hafi áður fengið úthlutun úr Námsleyfasjóði.
- f) Hvort umsækjandi hefur áður hlotið námsleyfi eða orlof frá opinberum aðilum eða starfsmenntasjóðum.
- g) Hvort umsækjandi hefur áður sótt um úthlutun úr Námsleyfasjóði, en ekki fengið.
- h) Upplýsingar um starfsferil og menntun.
- i) Aðrar upplýsingar sem sérstaklega er óskað eftir á umsóknareyðublaði eða umsækjandi telur skipta máli fyrir afgreiðslu umsóknar hans.

Með umsókn skal fylgja staðfesting sveitarfélags/skólastjóra, eða eftir atvikum rekstraraðila skóla, um að skilyrði a) og b) liðar 4. gr. sé uppfyllt.

Umsóknarfrestur skal ár hvert auglýstur með áberandi hætti.

### **4. gr.**

#### **Skilyrði sem umsækjandi þarf að fullnægja**

Umsækjandi sem æskir námsleyfis skal að lágmarki fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

- a) Hafa, þegar sótt er um námsleyfi, gegnt starfi í 10 ár samtals við kennslu, ráðgjöf eða stjórnun í grunnskóla á Íslandi, í eigi minna en hálfu starfi, og verið samfellt í eigi minna en hálfu starfi sl. fjögur ár, enda hafi verið greitt fyrir umsækjanda í sjóðinn sbr. gr. 1. Fæðingarorlof sem dreift hefur verið á allt að 12 mánuði telst sem samfellt starf í reglum þessum.
- b) Vera fastráðinn starfsmaður sveitarfélags eða aðila sem stofnað er til með samstarfi sveitarfélaga og taka laun samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna grunnskólans.

- c) Ljúka á námstímanum 60 ECTS eininga háskólanámi, eða jafngildu háskólanámi, miðað við 1/1 námsleyfi, og skal námið miða að því að nýtast viðkomandi í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.

## 5. gr.

### Um laun í námsleyfi

Greidd eru grunnlaun í námsleyfi. Viðmiðunarreglur um laun í námsleyfi er að finna á [vefsvæði Námsleyfasjóðs](#).

Námslaun skulu greidd samkvæmt starfsheiti og starfshlutfalli námsleyfisþega skólaárið áður en námsleyfi hefst eða meðalstarfshlutfalli síðustu þriggja ára ef það er hærra.

Stjórn Námsleyfasjóðs vekur athygli á því að við úthlutun úr sjóðnum er gert ráð fyrir því að námsleyfishafi sé í leyfi frá störfum. Er því mælt gegn því að launagreiðandi feli námsleyfishafa störf og greiði honum önnur laun á námleyfistíma en vegna starfa sem námsleyfi er veitt fyrir.

## 6. gr.

### Forgangsverkefni

Heimilt er stjórn Námsleyfasjóðs að auglýsa úthlutun til allt að þriggja forgangsverkefna og verja til þeirra allt að 1/3 hluta námsleyfa.

Ef heimild þessi er nýtt skal stjórn Námsleyfasjóðs tilkynna um það um leið og hún auglýsir eftir umsóknum um námsleyfi. Í auglýsingunni skal koma fram til hvaða forgangsverkefna stjórnin muni úthluta námsleyfum og hversu háu hlutfalli umsókna verði úthlutað á grundvelli heimildarinnar.

## 7. gr.

### Meðferð umsókna og umdæmaskipting

Yfirfara skal móttaknar umsóknir og umsækjendum leiðbeint ef upplýsingar vantar svo hægt sé að leggja mat á umsókn þeirra. Umsækjendum skal jafnframt gefinn skammur frestur til að bæta úr því sem á skortir.

Þegar umsóknarfresti, og ferli skv. 1. mgr. þessarar greinar er lokið, skal stjórn sjóðsins fara yfir þær umsóknir sem borist hafa. Fullnægi einhverjar þeirra ekki skilyrðum 4. gr. skal þeim vísað frá.

Umsóknir skal flokka eftir landshlutum. Innan hvers flokks skulu umsóknir afgreiddar á grundvelli þeirra sjónarmiða sem fram koma í 6., 7. og 8. gr. reglna þessara.

Flokkun eftir landshlutum skal miðuð við eftifarandi (sveitarfélög, sem tilgreind eru, tilheyra því svæði sem þau eru tilgreind í):

- Reykjavíkurborg
- Reykjanes, þ.e. sveitarfélögin frá Suðurnesjabæ til Mosfellsbæjar
- Vesturland og Vestfirðir frá Hvalfjarðarstrandarhreppi til Bæjarhrepps
- Norðurland, þ.e. frá Húnaþingi vestra til Þórshafnarhrepps
- Austurland og Suðurland, þ.e. frá Skeggjastaðahreppi til Sveitarfélagsins Ölfuss

Fjölda leyfa sem ákveðið verður að úthluta með tilliti til fjárhagsstöðu sjóðsins skal vera í sem næst því hlutfalli sem stöðugildi grunnskólakennara, skólastjórnenda og ráðgjafa á viðkomandi svæði (sbr. flokkun hér að ofan) er af heildarfjöldu stöðugilda á landsvísu.

## 8. gr.

### Nánar um mat umsóknna

Við ákvörðun um úthlutun námsleyfa innan hvers flokks (sbr. skiptingu skv. 7. gr.) skal tekið mið af eftirtoldum sjónarmiðum. Það sjónarmið sem tilgreint er í a) lið hefur mest vægi, og svo koll af kolli.

- a) Hvort umsækjandi hefur fengið námsleyfi, styrk eða laun frá öðrum aðila til að stunda nám á sama tíma og umsókn um námsleyfi í Námsleyfasjóð nær til. Að jafnaði skal ekki úthluta námsleyfi til þeirra sem það á við um.
- b) Hvernig það nám sem umsækjandi hyggst stunda mun nýtast honum í því starfi sem hann er ráðinn til að sinna.
- c) Hvernig það nám sem umsækjandi hyggst stunda mun nýtast þeirri stofnun sem hann vinnur hjá og/eða skólakerfinu í heild.
- d) Hversu oft umsækjandi hefur áður lagt fram fullgilda umsókn um úthlutun úr Námsleyfasjóði, en ekki fengið úthlutað. Að jöfnum skilyrðum samkvæmt a-, b- og c-lið skal umsækjandi sem oftar hefur lagt inn fullgilda umsókn en ekki fengið úthlutun ganga fyrir þeim sem sjaldnar hafa lagt fullgilda umsókn inn.
- e) Starfsaldur umsækjanda við grunnskóla. Að jöfnum skilyrðum samkvæmt a-, b-, c- og d-lið skal umsækjandi sem hefur lengri starfsaldur við grunnskóla ganga fyrir þeim sem hefur styttri starfsaldur við grunnskóla.
- f) Hversu oft umsækjandi hefur fengið úthlutað námsleyfi úr Námsleyfasjóði. Að jöfnum skilyrðum samkvæmt a-, b-, c-, d- og e-lið skal sá sem sjaldnar hefur fengið úthlutað námsleyfi ganga fyrir þeim sem oftar hafa fengið úthlutað.

Við mat á fyrirhuguðu námi umsækjanda byggir stjórn Námsleyfasjóðs á upplýsingum sem fram koma í umsókn. Eftir atvikum leitar stjórnin frekari upplýsinga um viðkomandi nám.

## 9. gr.

### **Frávik frá beitingu sjónarmiða skv. 8. gr.**

Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. skal ekki veita námsleyfi samtímis tveimur eða fleiri starfsmönnum sama skóla. Þó má veita fleiri leyfi í fjölmennari skólum. Þurfi að velja milli tveggja eða fleiri umsókna frá sama skóla skal það mat byggja á þeim sjónarmiðum er tilgreind eru í 8. gr.

## 10. gr.

### **Tilkynning afgreiðslu**

Allar afgreiðslur skulu tilkynntar umsækjendum skriflega eða rafrænt svo fljótt sem verða má og þeim leiðbeint um rétt til rökstuðnings ef við á.

Úthlutun námsleyfa skal tilkynnt viðkomandi sveitarfélögum skriflega fyrir 1. apríl ár hvert.

Úthlutun skal lokið eigi síðar en 1. desember ár hvert.

## 11. gr.

### **Skilyrði sem umsækjandi er hlýtur námsleyfi þarf að uppfylla**

Umsækjandi sem hlýtur námsleyfi skal skila eftirfarandi gögnum til Námsleyfasjóðs:

- Skriflegri staðfestingu á að hann þiggi námsleyfið fyrir 1. mars.
- Skriflegri staðfestingu á skólavist, fyrir 1. júlí. Umsækjandi sem fær úthlutað námsleyfi, en hefur ekki enn fengið staðfestingu viðkomandi skóla um skólavist fyrir tilsettan tíma skal upplýsa stjórn Námsleyfasjóðs um það og láta Námsleyfasjóði slíka staðfestingu í té jafnskjótt og hún liggur fyrir.
- Senda stjórn sjóðsins, innan fjögurra mánaða að námsleyfi loknu, staðfest vottorð skóla um að hafa lokið á námstímanum 60 ECTS eininga háskolanámi, eða jafngildu háskolanámi, miðað við 1/1 námsleyfi, sbr. c) lið 4 gr.

Námsleyfishafi hlýtur námsleyfi til að stunda það nám sem getið er í úthlutunarbréfi. Óheimilt er að nota námsleyfið til annars náms nema til komi samþykki stjórnar.

Umsækjanda sem hlýtur námsleyfi er ekki heimilt að fresta töku leyfisins, samanber þó 12. og 13. grein.

Námsleyfi skal tekið á samfelldu tímabili, eftir atvikum í þrjá, sex eða tólf mánuði, sbr. c) lið 3. gr.

Sé námsleyfi veitt til þriggja eða sex mánaða er námsleyfishafa óheimilt að taka námsleyfi aðra mánuði innan viðkomandi skólaárs en umsókn og ákvörðun stjórnar um veitingu námsleyfis gerði ráð fyrir, nema stjórn Námsleyfasjóðs samþykki breytt fyrirkomulag.

Ef umsækjandi sem hlýtur námsleyfi skilar ekki til stjórnar Námsleyfasjóðs skriflegri staðfestingu á að hann þiggi námsleyfið samkvæmt a) lið 11. gr. getur hann átt á hættu að missa námsleyfið, sem þá verður endurúthlutað.

Komi í ljós að umsækjandi uppfyllir ekki skilyrði a) og b) liðar 4. gr. verður leyfið afturkallað og því endurúthlutað.

Ef umsækjandi sem hlýtur námsleyfi skilar ekki til stjórnar Námsleyfasjóðs staðfestingu á skólavist samkvæmt b) lið 11. gr. getur hann átt á hættu að missa námsleyfið, sem þá verður endurúthlutað.

## 12. gr.

### Frestur til að ljúka tilskyldum fjölda eininga

Námsleyfishafi skal ljúka á námstímanum 60 ECTS eininga háskólanámi, eða jafngildu háskólanámi, miðað við 1/1 námsleyfi, sbr. c) liður 4. gr. Námsleyfishafi getur óskað eftir lengri tíma til að uppfylla skilyrði um námsframvindu. Ástæður fyrir framlengdum fresti eru:

- Veikindi námsleyfishafa.
- Önnur ófyrirséð atvik er námsleyfishafi gat ekki séð fyrir eða brugðist við (force majeure).

Gögn er fylgja skulu beiðni um framlengdan frest um námsframvindu:

- Greinargerð með rökstuðningi um ástæður beiðninnar.
- Staðfest vottorð skóla um nám í námsleyfinu.
- Gögn til staðfestingar á aðstæðum umsækjanda, s.s. læknisvottorð.
- Önnur gögn sem Námsleyfasjóður óskar eftir.

Veiti stjórn Námsleyfasjóðs námsleyfishafa frest til að uppfylla skilyrði um námsframvindu lengir það ekki þann tíma sem námsleyfislaun eru greidd. Hafi námsleyfislaun verið greidd að fullu og námsleyfishafi ekki uppfyllt skilyrði um námsframvindu þrátt fyrir framlengdan frest getur komið til endurgreiðslu námsleyfis sbr. 14. gr.

## **13. gr.**

### **Frestun námsleyfis vegna þungunar**

Tilkynni námsleyfishafi fyrir töku námsleyfis að hann hafi ekki tök á að hefja námsleyfið vegna þungunar getur stjórn Námsleyfasjóðs orðið við ósk hans um frestun á töku námsleyfis um eitt ár. Námsleyfinu verður ekki endurúthlutað til varamanns og bætist við námsleyfi næsta úthlutunarár. Sé frestun heimiluð þarf námsleyfishafi engu að síður að skila aftur inn gögnum skv. 11. gr. reglna þessara.

## **14. gr.**

### **Missir eða endurgreiðsla námsleyfis**

Námsleyfishafi missir rétt til námsleyfis í eftirfarandi tilvikum:

- a) Ef í ljós kemur að námsleyfishafi uppfyllir ekki skilyrði a) og b) liðar 4. gr. verður leyfið afturkallað og því endurúthlutað.
- b) Ef námsleyfishafi skilar ekki til Námsleyfasjóðs skriflegri staðfestingu á að hann þiggi námsleyfið samkvæmt a) lið 11. gr. missir hann námsleyfið, sem þá verður endurúthlutað.
- c) Ef námsleyfishafi skilar ekki til Námsleyfasjóðs staðfestingu á skólavist samkvæmt b) lið 11. gr. getur hann átt á hættu að missa námsleyfið, sem þá verður endurúthlutað.

Námsleyfasjóður getur farið fram á að námsleyfishafi endurgreiði námsleyfi í eftirfarandi tilvikum:

- a) Ef skilyrði sem umsækjandi er hlýtur námsleyfi þarf að uppfylla samkvæmt 11. gr. eru ekki uppfyllt.
- b) Ef námsleyfishafi hefur ekki töku námsleyfis líkt og reglur þessar mæla fyrir um.

Ef Námsleyfasjóður ákveður að endurkrefja um námslaun í námsleyfi skal krafa um það gerð af hálfu sjóðsins innan eins árs frá lokum námsleyfis. Námsleyfasjóður skal upplýsa námsleyfishafa um að sjóðurinn hafi til skoðunar að fara fram á endurgreiðslu námsleyfis og gefa námsleyfishafa kost á að koma að frekari gögnum og athugasemendum áður en ákvörðun er tekin. Ef niðurstaða Námsleyfasjóðs er að fara fram á endurgreiðslu skal námsleyfishafi endurgreiða sjóðnum greidd námslaun.

## 15. gr.

### Yfirlitsskýrsla um námsleyfi

Að lokinni úthlutun gerir stjórn Námsleyfasjóðs skýrslu um veitingar námsleyfa og skulu þar m.a. koma fram eftifarandi upplýsingar um námsleyfisþega:

- a) Nafn, kennitala, kennsluferill og vinnustaður.
- b) Lengd námsleyfis.
- c) Hvar og hvernig áætlað er að verja námsleyfi.

Skýrsla þessi skal ekki birt opinberlega. Þó skal birta opinberlega lista yfir nöfn og vinnustaði þeirra sem námsleyfi hljóta, enda sé reynt að komast hjá opinberri birtingu persónuupplýsinga umfram það sem þörf er á. Um aðgang að skýrslunni í heild sinni að öðru leyti fer eftir upplýsingalögum, eða öðrum viðeigandi lagaákvæðum.

*Samþykkt í stjórn Námsleyfasjóðs 21. mars 2022*